

Fundur skólaráðs Lundarskóla, haldinn 13. janúar 2014.

Mætt eru: Elías skólastjóri,

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gestur Geirsson, Ingibjörg Elíasdóttir, Hafdís Ólason.

Fulltrúar starfsfóks: Alda Bjarndóttir, Pröstur Már Pálmason,

Fulltrúar nemenda: Jón Yngvi

Dagskrá:

1. Merkingar við Dalsbraut.

Elías setti fund kl. 15:05. Byrjaði að tala um merkingar á Dalsbrautinni, var rætt síðast. Vantar merkingar syðst á Dalsbrautinni, eftir hringtorgið. Talaði við framkvæmdadeild, þeir athuga hvort ástæða sé til að bæta við merkingum þar. Umræður um það.

2. Heimsókn frá stjórn foreldrafélagsins til stjórnenda.

Elías og Maríanna ætla að hitta stjórn foreldrafélagsins 22. janúar 2014 til að ræða um væntanlegan opinn fund. Vangaveltur um efni, talað aftur um hvort fjalla ætti um Heilsefandi grunnskóla.

Elías nefndi vangaveltur um hvort sækja ætti um að verða Grænfánaskóli. Sagði frá því að hann héldi að Lundarskóli ætti aðgeta sótt um að komast í aðlögunarferli sem kalla er að vera skóli á grænni grein.

Elías kom aftur að fyrirhuguðum fundi með aðilum úr stjórn foreldrafélagsins. Velti upp hvort ræða ætti hugsanlega sérstakar spurningar á fundinum, þ.e. opna fundinum. Til dæmis hvort ræða ætti SMT, samstarf við foreldra. Hvernig viljum við sjá skólann þróast? O.s.frv. Ýmislegt væri að gerast innan skólans m.a. í SMT kerfinu, sem foreldrar og jafnvel kennarar vita ekki um, nefndi lausnateymi. Skólastjóri sagði margt gott við þetta kerfi, einnig ætti sama við kerfið „uppeldi til ábyrgðar“, kennarar eiga að vita hvert þeir geta leitað og um hvað.

3. Ýmis atriði.

Gestur spurði út í Pisa könnun, hvort niðurstöður fyrir Akureyri væru komna. Elías sagði að það væru ekki komnar upplýsingar um það hvernig skólinn kom út úr þessu. Skólastjóri sagði að vegna þessa hefði verið farið vel yfir niðurstöður úr samræmdum prófum sem voru í haust. Starfsfólk skólans hefi ekki verið nægilega ánægt með niðurstöðurnar. Hann telur að verst settu nemendurnir hafi náð einhverjum árangri, en augljóst væri að miðjuhópurinn mætti svolítið afgangi. Eitthvað þyrfti að gera í þessu, of mikill tími færi hjá kennurum í þá nemendur sem verst eru settir.

4. Um húsnæðismál.

Formaður skólanefndar, fræðslustjóri, yfirmaður fasteigna Akureyrar komu skv. boði Elíasar og skoðuðu húsnæði skólans. Rætt um að koma Frístund inn í aðalhúsið og losna við skúrana af lóðinni. Tillögur verða settar til Fasteigna Akureyrarbæjar, sem gerir kostnaðarmat á þessu, skólanefnd er búin að samþykkja þetta fyrir sitt leyti. Hugmyndir um að Frístund fari þar sem 2. bekkur er núna, niðri í kjallara, innst á B- gangi. Þrjár stofur færu undir Frístund. IE

spurði hvort ætti að láta skúrana sem eru á lóðinni fara. Elías ætlar að ræða málefni tónlistarkennslu við Hjörleif skólastjóra Tónlistarskólans og þeir ætla að skoða möguleika fyrir tónlistarkennslu á skólatíma. Elías telur að hægt ætti að vera að kenna inni í skólanum, t.d. í tónmenntastofunni. Miðað yrði þá við að Lundarskóli yrði 450 manna skóli, +/- 10. Ekki fleiri nemendur. Öll verkgreinakenntla flyst niður, tölvuverið sem er á unglíngaganginum fer m.a. niður. Húsunum sem eru á lóðinni verður skílað til bæjarins og fjármunir fyrir þau ganga þá upp í framkvæmdirnar. Teikning skoðuð, skólastjóri telur að hægt eigi að vera að gera þetta og jafnvel að til veriði samt auka-stofur fyrir alla árganga.

Nú er beðið eftir kostnaðargreiningu og svo að gefið verði grænt ljóst á að byrja á verkinu. Elías vonar að hægt verði að byrja strax eftir páska. Fara þyrfti í fleiri lagfæringar, flísar væru að hrynja af veggjum inni á salerni. Einnig gert ráð fyrir að settir yrðu upp skápar fyrir nemendur, á unglíngastigi.

Skólaráðsfulltrúum lýst vel á hugmyndir um breytingar á notkun húsnæðis, en skólaráð leggur áherslu á að byrjað verði á breytingunum tímanlega, þannig að þeim verði lokið áður en kennsla hefst í haust.

Spurt um hvort búið væri að opna hliðið til að krakkar komist yfir gerfigrasvöllinn þegar þau eru á leið í og úr íþróttum og geti nýtt gerfigrasvöllinn.

Umræður um kostnað við breytingar, hverfandi varðandi flutning tölvuversins, hugmyndir um að viðra það við foreldrafélagið að styrkja skápakaup.

Skólastjóri lagði áherslu á að hann vildi að Frístund væri sambærileg við það sem er í öðrum skólum.

Á næsta fundi verður gengið frá því hvort og hvenær opni fundurinn verður haldinn.

Skólastjóri sleit fundi kl. 16:03.

Fundargerð ritaði IE.